

GJALDSKRÁ

Akraneskaupstaður fyrir skipulags- og byggingarmál og tengd þjónustugjöld.

1. gr.

Gjöld.

Fyrir útgáfu leyfa, vottorða, úttektir, yfirferð gagna, auglýsingar, kynningar og aðra umsýslu og þjónustu sem Akraneskaupstaður veitir vegna byggingar- og leyfisskyldra framkvæmda, deiliskipulags og breytinga á skipulagsáætlunum, innheimtir Akraneskaupstaður í umboði bæjarstjórnar gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Byggingarleyfisgjald.

Gjöld skv. 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

2.1. Byggingarleyfisgjald:

Íbúðarhúsnæði

Einbýlishús	390.000 kr.
Parhús, tvíbýli og raðhús, verð pr. íbúð	275.000 kr.
Fjölbýlishús, verð pr. íbúð	190.000 kr.

Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum

Gólfhlötur allt að 500 fm	400.000 kr.
Gólfhlötur 501-1.000 fm	650.000 kr.
Gólfhlötur 1.001-2.000 fm	850.000 kr.
Gólfhlötur 2.001-5.000 fm	1.000.000 kr.
Gólfhlötur stærri en 5.000 fm	1.300.000 kr.

Óeinangraðar geymslur, landbúnaðarbyggingar, hesthús og áþekk hús

Gólfhlötur allt að 100 fm	320.000 kr.
Gólfhlötur 101-200 fm	380.000 kr.
Gólfhlötur 201-500 fm	430.000 kr.
Gólfhlötur 501-800 fm	480.000 kr.
Gólfhlötur 801-2.000 fm	520.000 kr.
Gólfhlötur stærri en 2.000 fm	600.000 kr.

Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar

Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla	180.000 kr.
Viðbyggingar allt að 20 fm	140.000 kr.
Viðbyggingar 20-100 fm	240.000 kr.
Niðurrif	100.000 kr.
Breytingar á innra skipulagi, útliti húsa, þ.m.t. svalalokanir	70.000 kr.

Minniháttar breytingar á innra skipulagi, útliti húsa	40.000 kr.
Auglýsingaskilti fristandandi og skilti á byggingum > 1,5 m ²	50.000 kr.
Veitumannvirki, dæluhús og spennistöðvar 0-100 fm, möstur o.fl.	150.000 kr.
Viðbyggingar stærri en 100 fm, sömu gjöld og af því húsnæði sem er byggt	-
Bílastæðagjald skv. 19. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	700.000 kr.

Innifalið í ofangreindum gjöldum er ein yfirferð aðal- og séruppráttar, þrjár útmælingar, ein stöðuúttekt, öryggisúttekt og lokaúttekt, fokheldisvottorð og vottorð vegna öryggis- og lokaúttektar.

Heimild er til að innheimta kostnað vegna yfirferðar séruppráttar þegar um er að ræða stærri byggingar eða flókin mannvirki.

Kostnaður vegna förgunar á jarðvegi auk uppgraftrar og fyllingar vegna gatnagerðar er innheimtur sérstaklega.

2.2. Gjöld vegna stöðuleyfa:

2.2.1	Stöðuleyfi veitt í 1-4 daga	35.000 kr.
2.2.2	Stöðuleyfi veitt til eins árs	50.000 kr.

Varðandi stöðuleyfi þá vísast í gr. 2.6.1 Umsókn um stöðuleyfi og 2.6.2 Heimild leyfisveitanda til að fjarlægja lausafjármuni, í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Undir stöðuleyfi fellur m.a. hjólhýsi á tímabilinu 1. október – 1. maí, gámar, bátar, torgsöluhús, frístundahús í smíðum sem ætluð eru til flutnings og stór samkomutjöld.

3. gr.

Gjöld fyrir skipulagsvinnu.

Álögð gjöld skv. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 falla í gjalddaga við samþykkt framkvæmdaleyfis eða umsókn um skipulag eða skipulagsbreytingu og skulu greidd áður en framkvæmdaleyfi er gefið út eða þegar skipulag eða skipulagsbreyting er samþykkt til auglýsingar.

3.1. Aðalskipulagsbreytingar:

3.1.1	Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	340.000 kr./ aðkeypt vinna kv. reikningi*
3.1.2	Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	360.000 kr.
3.1.3	Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 36. gr.	200.000 kr./ aðkeypt vinna skv. reikningi*

3.1.4	Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	90.000 kr.
-------	---	------------

3.2. Deiliskipulagsbreytingar:

3.2.1	Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.	360.000 kr./ aðkeypt vinna skv. reikningi*
3.2.2	Breyting á deiliskipulagi, sbr. 1. mgr. 43. gr.	360.000 kr.
3.2.3	Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2.mgr. 38. gr. og 1. mgr. 43. gr.	280.000 kr./ aðkeypt vinna skv. reikningi*
3.2.4	Breyting á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 43. gr.	120.000 kr.
3.2.5	Grenndarkynning, sbr. 1. mgr. 44. gr.	110.000 kr.
3.2.6	Breyting á deiliskipulagi, sbr. 3. mgr. 44. gr.	70.000 kr.

3.3. Framkvæmdaleyfi:

3.3.1	Framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga	130.000 kr./ aðkeypt vinna skv. reikningi*
3.3.2	Framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga sem falla undir flokk C í lögum um mat á umhverfisáhrifum	170.000 kr./ aðkeypt vinna skv. reikningi*
3.3.3	Framkvæmdaleyfi skv. 14. gr. skipulagslaga	150.000 kr./ aðkeypt vinna skv. reikningi*
3.3.4	Umsýslu- og auglýsingakostnaður	100.000 kr.
3.3.5	Eftirlit umfram eina ferð sem innifalin er í leyfisgjaldi	25.000 kr

* Fyrir ráðgjafþjónustu er rukkað skv. reikningi.

4. gr.

Gjöld vegna umhverfismála.

4.1. Jarðefni:

4.1.1	Losunargjald, hver losun	9.500 kr.
4.1.2	Losunargjald, minni ökutæki, hver losun	6.200 kr.
4.1.3	Afgreiðslugjald aðgangsslykils	9.000 kr.
4.1.4	Uppgröftur/fylling í lóð pr. m³	4.500 kr.

Gjöld eru samkvæmt reglum um móttökusvæði jarðefna.

Losunargjald á við losun á móttökusvæði jarðefna í Grjótkelduflóa. Minni ökutæki hafa skráða flutningsgetu undir 12 tonnum.

Uppgröftur/fylling í lóð getur komið til vegna vinnu við gatnagerð til þess að koma í veg fyrir hrun jarðvegs vegna vinnu í lóð. Einnig getur þetta verið vegna stígagerðar, vinnu við gangstéttir o.þ.h.

4.2. Afnotaleyfi bæjarlands:

4.2.1	Afnotaleyfi vegna bæjarlands, 1-6 dagar	23.000 kr.
4.2.2	Afnotaleyfi vegna bæjarlands, umfram 6 dagar allt að 1 ár	60.000 kr.
4.2.3	Viðbótardagsleiga vegna daga umfram umsaminntíma	5.000 kr.
4.2.4	Viðbótardagsleiga með 50% hækkun	7.500 kr.

Gjöld eru samkvæmt reglum fyrir tímabundin afnot af bæjarlandi.

5. gr.

Gjöld vegna þjónustu og afgreiðslu.

5.1. Þjónusta og afgreiðsla:

5.1.1	Afgreiðslugjald* skipulags- og byggingarmála (fast gjald)	15.000 kr.
5.1.2	Afgreiðslugjald* fyrir tilkynningarskyldar framkvæmdir	70.000 kr.
5.1.3	Aukagjald fyrir hverja umfjöllun umfram tvær	20.000 kr.
5.1.4	Tímagjald starfsfólks á skipulags- og umhverfissviði	25.000 kr.
5.1.5	Umsögn vegna rekstrar- og starfsleyfa	35.000 kr.
5.1.6	Umsóknargjald byggingarlóðar	200.000 kr.
5.1.7	Umsýslugjald vegna umsóknar byggingalóða	50.000 kr.
5.1.8	Nýr lóðarleigusamningur	25.000 kr.
5.1.9	Endurnýjun á lóðarleigusamning	15.000 kr.
5.1.10	Breytingar á lóðar- og mæliblöðum (merkjalýsing)	150.000 kr.

* Afgreiðslugjald er rukkað fyrir móttöku erindis og er ekki endurkræft

5.2. Þjónustugjöld byggingarleyfa:

5.2.1	Endurnýjuð byggingarheimild/leyfi, – gögn óbreytt	70.000 kr.
5.2.2	Endurskoðun aðaluppdráttar	20.000 kr.
5.2.3	Yfirferð séruppdráttar á skoðunarstofu	skv. reikningi
5.2.4	Endurtekin öryggis- og/eða lokaúttekt	50.000 kr.
5.2.5	Gjald fyrir hvert útkall ef verkið er ekki úttektarhæft	30.000 kr.
5.2.6	Úttekt vegna byggingarstjórnarskipta	35.000 kr.
5.2.7	Aukaútsætning lóðar/húss pr. mælingu	80.000 kr.

5.3. Eignaskiptayfirlýsing yfirferð:

5.3.1	Eignaskiptayfirlýsingar 2-5 eignir	50.000 kr.
5.3.2	6-15 eignir	65.000 kr.
5.3.3	16-50 eignir	80.000 kr.
5.3.4	51 eign og fleiri	95.000 kr.
5.3.5	Aukagjald fyrir yfirferð eignaskiptayfirlýsingar umfram tvær	13.500 kr.

6. gr.

Tryggingar fyrir gjöldum.

Álögðum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögveð í fasteign þeirri sem gjöldin eru lögð á og ganga ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár hennar.

7. gr.

Gildistaka og breytingar.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í nóvember 2025, 125,9 stig og taka breytingum mánaðarlega í samræmi við breytingar á umræddri vísitölu.

Gjaldskrá þessi sem sett er með heimild í lögum um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslögum nr. 123/2010 og öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1280/2024.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisráði Akraneskaupstaðar 17. nóvember 2025.

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness 9. desember 2025.

Akranesi, 15. desember 2025.

Haraldur Benediktsson bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 30. desember 2025